

Með tilvísun til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hafa Launanefnd sveitarfélaga annars vegar og Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Bandalag háskólamanna hins vegar gert með sér eftirfarandi samkomulag til að hrinda í framkvæmd efni tilskipunar um skyldu vinnuveitanda til að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrikomulagi (91/533/EBE).

**SAMKOMULAG
UM FORM RÁÐNINGARSAMNINGA
OG
SKYLDU TIL AÐ UPPLÝSA
STARFSMENN UM RÁÐNINGARKJÖR**

1. gr.

Gildissvið

Samkomulag þetta gildir um hvern þann starfsmann sem er ráðinn í þjónustu sveitarfélags til lengri tíma en eins mánaðar.

2. gr.

Lágmarksákvæði um ráðningarkjör

Skriflegur ráðningarsamningur skal gerður við starfsmenn við upphaf ráðningar. Í honum skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

1. Deili á aðilum.
 - a) Nafn, heimilisfang og kennitala stofnunar.
 - b) Nafn, heimilisfang og kennitala starfsmanns.
2. Vinnustaður. Sé ekki um fastan vinnustað að ræða, eða stað þar sem vinnan fer jafnaðarlega fram, skal koma fram að starfsmaður sé ráðinn á mismunandi vinnustöðum og skulu þeir þá tilgreindir sérstaklega.
3. Eðli starfs. Starfsheiti skv. kjarasamningi og tegund starfs sem starfsmaður er ráðinn í eða stutt lýsing á starfinu.
4. Vinnutímaskipulag, þ.e. dagvinna, vaktavinna eða annað fyrirkomulag og þá hvers konar. Starfshlutfall og dagleg og/eða mánaðarleg vinnuskylda.
5. Ráðning, þ.e. hvort ráðning er ótímabundin eða tímabundin.
6. Upphafsdagur ráðningar.
7. Starfslokaðagur ef ráðning er tímabundin.
8. Lífeyrissjóður
9. Stéttarfélag
10. Mánaðar- eða vikulaun, t.d. með tilvísun til launataxta, aðrar greiðslur eða hlunnindi.
11. Greiðslutímabil launa
12. Orlofsréttur.
13. Uppsagnarfrestur af hálfu vinnuveitanda og starfsmanns
14. Réttur til launa í barnsburðarleyfi.

15. Réttur til launa í veikindum.

Upplýsingar skv. 11. - 15. tl. er heimilt að veita með tilvísun til laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða kjarasamninga.

3. gr.

Störf erlendis

Sé starfsmanni sveitarfélags falið að starfa í öðru landi í einn mánuð eða lengur, skal hann fyrir brottför fá skriflega staðfestingu á eftirfarandi ráðningakjörum.

1. Áætlaður starfstími erlendis.
2. Í hvaða gjaldmiðli laun eru greidd.
3. Uppbætur eða hlunnindi sem tengjast starfi erlendis.
4. Eftir atvikum skilyrði þess að starfsmaður geti snúið aftur til heimalandsins.

Upplýsingar skv. 2. og 3. tl. má gefa með tilvísun til laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða kjarasamninga.

4. gr.

Afmarkaðar breytingar á ráðningakjörum

Verði breytingar á ráðningarkjörum, skv. 2. og 3. gr. umfram það sem leiðir af lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða kjarasamningum, skal hún staðfest skriflega.

5. gr.

Sérákvæði varðandi fyrri ráðningar

Óski starfsmaður, sem ekki hefur ráðningarsamning sem uppfyllir skilyrði 2. gr. og ráðinn var fyrir gildistöku samkomulags þessa, skriflegrar staðfestingar í samræmi við ákvæði samkomulagsins, skal vinnuveitandi láta honum í té slíka staðfestingu innan tveggja mánaða frá því beiðnin er fram komin

6. gr.

Gildistaka

Samkomulag þetta gildir frá 1. júlí 1997

Reykjavík, 10. júní 1997

F.h. Launanefndar
sveitarfélaga

Þórh. P. K. H.
Lidmál Gjallr fóns

F.h. Alþýðusambands Íslands

Hallgrímur Grannar

F.h. Bandalags starfsmanna
ríks og bæja

Ólafur Jónsson

F.h. Bandalags háskólamanna

María A. Þjálmarsson

Meðfylgjandi er fyrirmynd af ráðningarsamningi sem samningsaðilar mæla með. Sveitarfélögunum er engu að síður heimilt að víkja frá þeirri fyrirmynd að lágmarksákvæðum 2. gr. uppfylltum.

Ráðningarsamningur

Eintak launadeildar

Kennitala sveitarfélags		Sveitarfélag		Sveitarfélagsnúmer	
Kennitala starfsmanns		Nafn		Starfsheiti	
Lögheimili			Póstnr.	Staður	Sími
Ráðin(n) skv. kjarasamningi			Stéttarfélag		
Nafn stofnunar		Vinnustaður/starfsstaður (einn eða fleiri)			
Vinnutímaskipulag:					
<input type="checkbox"/> Dagvinna		<input type="checkbox"/> Vaktavinna		<input type="checkbox"/> Annað, hvað:	
Lífeyrissjóður		Starfsaldur/prófaldur		Aðrar greiðslur	
Ráðningartegund			Hóf starf (dags.)		Timabil ef ráðning er tiltekinn tíma
			Starfshlutfall %		Dags.
<input type="checkbox"/> Ráðning til frambúðar		<input type="checkbox"/> Afl. v/barnsbúðar		Launaflokkur	
<input type="checkbox"/> Tímabundin ráðning		<input type="checkbox"/> Afl. v/veikinda		Greiðslutímabil fastra launa:	
<input type="checkbox"/> Tímavinna		<input type="checkbox"/> Afl. v/orlofs		<input type="checkbox"/> Mánuður <input type="checkbox"/> Fyrirfram	
<input type="checkbox"/> Lausráðning		<input type="checkbox"/> Afl v/annarra leyfa		<input type="checkbox"/> Vika <input type="checkbox"/> Eftir á	
<input type="checkbox"/> Sumarstarf		<input type="checkbox"/> Annað, hvað:		Daglegur vinnutími	
<p>Vinnuveitandi og undirritaður starfsmaður gera með sér ráðningarsamning, þar sem starfsmaðurinn er ráðinn til starfa samkvæmt því starfsheiti sem að ofan greinir. Ráðningarsamningurinn er samkvæmt kjarasamningi þeim sem að ofan er tilgreindur eins og hann er á hverjum tíma, enda uppfylli starfsmaður skilyrði til aðildar að hinu ígreinda stéttarfélagi.</p> <p>Skýlt er starfsmanni að gæta þagnælsku um atriði er hann fær videskju um í starfi og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrrmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Ráðning þessi er ekki gild né verður breytt nema til komi staðfesting yfirmanns í umboði sveitarstjórnar.</p> <p>Félagsmenn BSRB og BHM Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samkvæmt samningi þessum skal vera 3 mánuðir nema kveðið sé á um annað í kjarasamningi. Þó skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera einn mánuður á reynslutíma sem er fyrstu þrjú mánuðir í starfi. Framangreindar reglur eilda einnig ef um tímabundna ráðningu er að ræða. Unnsöen miðast við mánaðamót.</p> <p>Um réttindi lausráðinna starfsmanna fer samkvæmt reglum um réttindi lausráðinna starfsmanna sem samþykktar eru af Launanefnd sveitarfélaga og aðilum. Um orlof, réttindi og skyldur starfsmanna, launagreiðslur í veikindum og barnsbúðarleyfi fer samkvæmt lögum, reglugerðum og kjarasamningum sem í gildi eru hverju sinni.</p> <p>Félagsmenn ASÍ - félaga Um launagreiðslur, launaflokk, starfsaldur til launa, aðrar greiðslur, hlunnindi og greiðslutímabil fer eftir því sem í samningi þessum greinir og samkvæmt kjarasamningi þess stéttarfélags sem tilgreint er að ofan eins og hann er á hverjum tíma. Um orlof og gagnkvæman uppsagnarfrest fer samkvæmt gildandi lögum hverju sinni og kjarasamningi þess stéttarfélags sem tilgreint er að ofan eins og hann er á hverjum tíma. Um rétt til launagreiðslna í veikindum og barnsbúðarleyfi fer eftir gildandi lögum hverju sinni og samkvæmt kjarasamningi þess stéttarfélags sem tilgreint er að ofan eins</p>					
Undirskrift starfsmanns		Dags.		Undirskrift yfirmanns	

Neðangreint er ekki hluti af ofangreindum ráðningarsamningi heldur ætlað til skráningar og upplýsinga fyrir launadeild.

UTFYLLIST AF LAUNADEILD						Utfyllt af		Dags	
Kyn	Deild	Gr.st.	Teg. vinnu	Atv.gr.nr.	Atv. merk	Dags byrjað		Fyrst byrj. dags.	
Starfshlutfall		Hvenær útborgað		Fyrirfr. gr.		<input type="checkbox"/> Lagt í banka <input type="checkbox"/> ávisun			
<input type="checkbox"/> viku <input type="checkbox"/> 1/2 mán. <input type="checkbox"/> mán.									
Banki v/launa	Höfuðbók	Reikningsnr.	Orlof ekki af dv.	Orlofs%	Banki v/orlofsr.	Höfuðbók	Orlofsreikn. nr.		
Banki/bankaútibú	Gjaldal. nr.		Tegund reiknings		Annar reikn.		Nr.		
<input type="checkbox"/> Sparisj.b. <input type="checkbox"/> Tekkar.		<input type="checkbox"/> hvaða							
Lífeyrissj. nr.	Líf.sj.%	Stéttarfélag nr.	Stéttarfél.%	Hámark v/op. gj.		Starfsheiti			
Aunninn st. aldur	Fl.st.aldur	Vinnur hjá	Fóst yfirvinna	Bilastyrkur					
Launaf. breyt.	dags.	Launaf. breyt.	dags.	Launaf. breyt.	dags.				
Fylgiskjöl:						Afgreiðsla heimilud			
<input type="checkbox"/> Starfsvottorð		<input type="checkbox"/> Prófskírteini		Annað _____					
<input type="checkbox"/> Skattkort		<input type="checkbox"/> Starfsleyfi/leyfisbréf		_____					